

# Litli - Hver

## Í hitabylgju á Selfossi



**Selfsshópurinn bíður eftir strætó á Selfossi**

Félagar í Klúbbnum Geysi héldu með strætó til Selfoss fimmtudaginn 21. júlí. Lagt var af stað úr Mjóddinni um hádegisbil og haldið sem leið lá til Selfoss. Selfoss er merkilegur bær fyrir margar sakir og ekki síst fyrir þá miklu umferðargötu sem liggur í gegnum bæinn. Það má kalla lífæð þessa byggðarlags og sveitanna í kring. Nóg var af matsölustöðum í þessu þorpi og var það ein helsta iðja ferðalanga að meta gæði þeirra staða. Fór því enginn svangur frá þessum stað. Komið var við í Bókakaffi Bjarna Harðarsonar og var þar vel tekið á móti hópnum. Falast var eftir því við Bjarna að hann stillti sér upp með hópnum til myndatöku. Hann sagðist ekki myndtækur og því er hann ekki á myndinni. Vel heppnuð ferð og allir kátir eftir frábæran og heitan dag.

**Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166, fax: 551-5136**  
**Netfang: kgeysir@kgeysir.is Veffang: www.kgeysir.is**  
**Facebook: Klúbburinn Geysir**

# Úr ógeði í geð

Viðtal við Þórunni Hrefnu Sigurjónsdóttur



**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**  
lífsspekúlant og fagurkeri.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir er Geysisfélögum að góðu kunn. Hún starfar í Búsetu-kjarnanum á Flókagötu en þar hefur hún starfað frá 2008 og hefur á þessum tíma gjarnan komið í Geysi með Arnari Óðinssyni félagi í Geysi og íbúa á Flókagötunni.**

Lengi vel var nokkur huldublær yfir Þórunni Hrefnu og þótti því ástæða til þess að fá hana í stutt spjall við Litla Hver. Tók hún því með brosi á vör.

Þórunn Hrefna er bókmenntafræðingur og langskólagengin háskólamaer. Hún á að baki að minnsta kosti þrjár bækur sem hún hefur skrifað, en segist nú stunda meiri bókmenntagagnrýni en skapandi skrif. Eða eins og hún orðaði það: „Eftir ógeð á Háskóla Íslands fór ég í geðið á Flókagötunni. Þetta er miklu skemmtilegra og sagt í

100% einlægni,“ bætir hún við. Hvað gerir þú á Flókagötunni. „Ég elda mikið og geri eiginlega allt sem þarf að gera, þrifa og spjalla og svo kem ég með Arnari í Geysi. Skemmtilegast þykir mér að elda. Hvort heldur exotíska rétti eða ýmsa potttrétti. Það eru 11 íbúar í búsetukjarnanum. Þeir koma allir í kvöldmat, stundvíslega kl. 18.00, en sumir borða á Vitorgi í hádeginu. Það er frekar lítið um að íbúarnir eldi sjálfir heima hjá sér. Mér finnst gaman að því að gleðja fólk með mat. Leiðin að hjarta fólks liggur í gegnum magann.

**Hvað er mest krefjandi við starfið?** Að vakna á morgunvaktir. Ég er eignilega C-manneskja.

**Hver er uppáhaldsliturinn þinn?** Rauður

**Uppáhaldsmatur?** Dua bat dai við Hlemm er uppáhaldsveitingastaðurinn minn og þar fæ ég mér fisk í sterkri chillisósu.

**Hver er uppáhalds bíómyndin þín?** Fight Club

Hver er uppáhalds tónlistin. Ég hlusta eiginlega bara á Dylan og Megas.

**Hvert er uppáhalds veðurfar?** Hauststilla

**Áttu þér þér uppáhalds land?** Ég fór til Króatíu í fyrra og er enn að jafna mig og langar aftur þangað. Króatar eru góðir heim að sækja, góður matur og gott verðlag.

**Hvernig finnst þér að koma í Geysi?** Það er mjög gaman. Andrúmsloftið er einstakt. Kaffið hjá Jóa í sjoppunni og lakkrísinn eru rúsinan í pylsuendanum, sem ég kaupi ef ég á 1000 kall, til styrktar ferðafélaginu.

**Ein spurning að lokum. Ef þú værir köttur, hvernig værir þú þá á litinn?** Ég væri bröndótt. Ég á tvo ketti, annan bröndóttann og hinn svartann.

*Viðtal: Arnar Laufeyjarson*

## Sumarfrí starfsmanna

Heiða kemur úr fríi 2. ágúst  
Helena kemur úr fríi 11. ágúst  
Síðasti vinnudagur Carmen verður 12. ágúst með tilheyrandi kveðjuveislu.  
Tóta Ósk fer í sumarfrí 25. ágúst.

## Svar við myndagetraun

Svar við myndagetraun í síðast Litla Hver var: Klúbburinn Geysir með þér út í lífið: Vinningshafi er Kári Ragnars og fær hann frítt kaffi og með því í Kaffihúsi Geysis. Við óskum Kára til hamingju með árangurinn.



**Kári kátur með lausnina á gátunni.**



**UNIQUE  
AND  
TOGETHER**

**Evrópuráðstefna í  
Amsterdam  
23. til 26. október**

Fjórtánda Evrópuráðstefna klúbbhúsa verður haldin í Amsterdam 23. til 26. október í haust. Auglýst hefur verið eftir félaga til þess að taka þátt í ráðstefnunni, en gert er ráð fyrir að einn félagi og einn starfsmaður fari á ráðstefnuna. Auglýsing hefur verið hengd upp í Geysi og eru áhugasamir félagar beðnir um að skrá sig fyrir 19. ágúst. Nauðsynlegt er að umsækjendur kunni ensku og geti tjáð sig á því ylhýra tungumáli. Í framhaldi verður rætt við umsækjendur.

## Lokað 1. ágúst

Í tilefni frídags  
verslunarmanna 1.  
ágúst verður lokað í  
Klúbbnum Geysi.  
Óskum öllum til  
hamingju með daginn  
og þeir sem ætla að  
leggja land undir fót  
fari varlega.

Góða helgi

# Matseðill fyrir ágúst 2016

Matseðill birtur með fyrirvara um breytingar

Mán.	Pri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
1. <b>Lokað</b>	2. Fiskur og franskur.	3. Paella.	4. Hlaðborð.	5. Grænmetisbuff	6.
8. Gulrótarsúpa.	9. Steiktur fiskur í raspi.	10. Kálböggjar.	11. Hlaðborð.	12. Grillaðir kjótpinnar.	13.
15. Aspassúpa.	16. Slátur.	17. Grjónagrautur.	18. Hlaðborð.	19. Fiskur a la Ólöf.	20.
22. Grænmetissúpa .	23. Soðin ýsa.	24. Kjúklínganaggar	25. Hlaðborð.	26. Svínahnakki í raspi	27.
29. Brauddúpa.	30. Saltfiskur.	31. Píta.			



## Carmen hættir 12. ágúst

Okkar ástkæra Carmen sem verið hefur okkur stoð og stytta í eitt ár sem sjálfbóðaliði mun eiga sinn síðasta starfsdag í Geysi 12. ágúst. Þá ætlum við líka að halda henni svolitla kveðjuveislu. Carmen hefur verið mikill gleðigjafi og staðið sig vel í Geysi, svo að hennar mun sárt saknað. Hér eru nokkrar myndir af henni við ýmis tækifæri og að störfum í Geysi. Við þökkum henni fyrir störf hennar og þægilega nærveru, en óskum henni um leið góðrar framtíðar og farsældar í sínum störfum. Svo hvetjum við félagi til þess að fjölmenna í kveðjuveisluna hennar 12. ágúst næstkomandi.



## Fjölgar í fiskabúrinu

Um nokkurt skeið hefur verið fiskabúr á þriðju hæðinni með einum gullfiski sem fékk nafnið Einn fiskur. Þótti mörgum sem hann væri of einn og hafa róið að því öllum árum að bjarga meintri einsemd Eins fisks með því að færa honum félagi að svamla með. Nú hefur það skeið og busla nú tveir saman. Nú vantar nafn á nýja vininn og allar góðar hugmyndir vel þegnar. Á myndinni hér að ofan er Einn fiskur til hægri og nýji vinurinn rauður að lit til vinstri.

## Útvarp Geysis í vinnslu

Vegna mikils áhuga á útvarpsrekstri í Klúbbnum Geysi eru félagar sem áhuga hefðu á rekstri útvarps og dagskrárgerð beðnir um að skrá sig á lista í móttökunni í Klúbbnum Geysi, eða hafa samband við Kára og/eða Þorkel.



# Að njóta augnabliksins

Viðtal við Sigurð Bjarna Gunnarsson

**„Kína er fallegasta landið sem ég hef heimsótt,“ hef ég eftir viðmálenda mínum, honum Sigurði Bjarna Gunnarssyni, en ferðalög eru ofarlega á lista yfir hans áhugamál.**

Sigurður hefur verið félagi í klúbbnum Geysi í um það bil þrjú ár, eða frá því í febrúar 2014, þegar honum var bent á að prófa að mæta þegar hann var að

jafna sig eftir geðræn veikindi. Í Geysi líkar Sigurði vel. Hann vinnur á ritstjórninni við að lesa fundargerðir, hann aðstoðar við að undirbúa óvissuferðir Geysisfélaga og líka starfar hann töluvert í eldhúsinu.

Sigurður er steingeit sem er mikið fyrir góðan mat eins og kjúklingakássu og líka saltkjöt með rófum og kartöflum. Blár er hans uppáhaldslitur. Það er enginn skortur á áhugamálum hjá Sigurði og er hann ákaflega hrifinn af bókmenntum, Esjögöngum, djass og pianóleik. Líka nefnir hann ættfræði og heilbrigðismál þegar hann er enn inntur eftir því sem hann hefur áhuga á og kys að kynna sér náði.

Áður en Sigurður veiktist starfaði hann sem sjúkraliði á Reykjalundi. Alls í ein tuttugu og þrjú ár. „Þar var aðallega talað um raunveruleikabætti í sjónvarpi eða seinustu leikhúsferðir,“ segir hann. Það kemur blik í auga yfir minningunum. Starfsandinn var léttur og starfmannafélagið var leiðandi í söng og öðrum uppákomum t.d. síldarball og þorralót.

Sigurði finnst Geysir vera góður staður til að vera og góður staður til að eignast vini. „Eins og svo margir sem stríða við geðræn veikindi, þá á



**Sigurður Bjarni á skrifstofunni í Geysi**

ég það til að loka mig af þegar mér líður illa, en það er svo ofboðslega mikilvægt að hafa vissst félagslegt aðhald. Nú er ég nýfarinn að mæta aftur í Geysi eftir svolítið hlé og finn strax að mér líður miklum mun betur“.

Sigurður segir enn fremur að sér finnst starfið í Geysi mjög merkilegt, þar sem hann hafi séð menn og konur hreinlega blómstra á staðnum. Að fólk fari oft úr því hlutverki að vera sjúklingar og fórnarlömb yfir í það að taka fullan þátt í starfinu. „Manneskja sem hefur verið ein mestalla sína tíð er skyndilega komin á fullt hér í eldhúsinu eða í ritstjórnarvinnu og ef til vill líka búin að endurnýja kynni við gamla kunningna. Það er í sjálfu sér alveg magnað.“

Að lokum á Sigurður eitt gott heilræði: „Njóttu augnabliksins, stíðu fram á við og ekki horfa til baka“. Ekki getur ritstjórn annað en tekið undir með honum.

*Viðtal: Arnar Laufeyjarsen*

# RTR fréttir

## Laust RTR starf

RTR starfið í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er laust til umsóknar frá og með 15. september. Í starfinu felst símsvörun, móttaka viðskiptavina og skjálavarsla. Stöðugildið er 50%. Áhugasamir hafi samband við Helenu eða Tótu Ósk hið fyrsta.

## Geysir leitar að nýjum RTR-störfum

Klúbburinn Geysir leitar nú að nýjum og fjölbreyttum RTR störfum. Fyrr á þessu ári rann út samningur við Þjónustumiðstöðina á Vitatorgi og ákveðið að endurnýja ekki þann samning. En RTR starfið á Vitatorgi er það RTR starf sem klúbburinn hefur haft lengst, eða í um 12 ár. Einnig hefur samningi við Kynnisferðir á BSÍ verið sagt upp frá og með 1. september. Ef lesendur Litla Hvers vita um aðila sem búa yfir störfum og eru tilbúnir í samastarf við klúbbinn, þá biðjum við þann hinn sama að hafa samband Við Helenu, Tótu Ósk eða Benna í síma: 551-5166, eða senda tölvupóst á [kgeysir@kgeysir.is](mailto:kgeysir@kgeysir.is)

## Brandari

Nú má búast við að Framsóknarmennn verði kátir ef fylgi flokksins verður meira en styrkur maltsins.

## Ragnheiður sýnir á Café Milanó



Ragnheiður við nokkrar myndar sinna á Café Milano

Sunnudaginn 10. júlí sl. opnaði Ragnheiður Spence sýningu á Café Milanó Faxafeni 11. Sýninguna nefnir Ragnheiður Vonarflaði. Myndirnar eru málaðar með olíu og akríl á striga. Sýningin stendur til 31. ágúst. Allir velkomnir.

**Afmælisveislan fyrir félagar sem eiga afmæli í ágúst verður haldin 30. ágúst næstkomandi.**

## Tölvuverið

Tölvuverið er opið alla þriðjudaga frá kl. 11:15 til 12:15. Ef þú þarft aðstoð við eitthvað varðandi ritvinnslu, netið, tölvupóst og skönnun, þá skelltu þér í tölvuverið. Leiðbeinandi er á staðnum.

**Klúbburinn Geysir er á Twitter og Instagram. Fylgið okkur þar**

**Slóðirnar eru:**

<https://twitter.com/kgeysir>  
[www.instagram.com/kgeysir](http://www.instagram.com/kgeysir)



**REYKJAVÍKUR  
MARAFON 33ÁRA  
ÍSLANDBANKA**  
20. AGÚST 2016

## Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka



**Þórunn Helga (Tóta Helga) Garðarsdóttir**  
göngugarpur. Hún skorar á alla að heita  
á sig og þá sem ætla að hlaupa fyrir  
Klúbbinn Geysi.

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður 20. ágúst. Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt fyrir Klúbbinn Geysi geta nú skráð sig á [marafon.is](http://marafon.is) og þeir sem vilja heita á hlaupara Geysis geta farið á [hlaupastyrkur.is](http://hlaupastyrkur.is). Hægt er að taka þátt í ýmsum vegalengdum maraþonsins. Nú hafa tveir skráð sig til þátttöku fyrir Klúbbinn Geysi, það eru Þórunn Helga Garðarsdóttir félagi í Geysi sem tekur þátt í 3 km skemmtiskokki og Asdís Arnardóttir sem tekur þátt í 10 km hlaupi. Enn geta áhugasamir skráð sig til afreka í Reykjavíkumaraþoninu og hlaupið í nafni Klúbbsins Geysis. Skorum á alla að heita á Tótu Helgu og aðra sem ætla að taka þátt. Svo er ekki lakara ef félagar tækju sig saman og mættu á hliðarlínuna til þess að hvetja þátttakendur.

### Húsfundur

Húsfundur eru miðvikudaga kl. 14:30. Þar er rétti staðurinn fyrir félagi til að koma skoðunum sínum á framfæri og taka þátt í opnum umræðum.

**Allir að mæta!**

## Félagslegt í ágúst

### Fimmtudagur 4. ágúst

Út að borða  
(nánar auglýst síðar)

### Fimmtudagur 11. ágúst

Árbæjarsafn

### Fimmtudagur 18. ágúst

Húsdýragarðurinn

### Laugardagur 20. ágúst

Opið hús  
(nánar auglýst síðar)

### Fimmtudagur 25. ágúst

Opið hús  
(nánar auglýst síðar)

## Deildarfundir

Fundur í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09:15** og **13:15**. Þar er farið yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Æskilegt er að félagar mæti á deildarfundina. Tökum ábyrgð og ræktum vináttuböndin.

**Langar þig eða þekkir þú einhvern sem þarf á okkur að halda? Þá endilega hafðu samband í síma 551-5166 og fáðu kynningu. KLÚBBURINN GEYSIR MED ÞÉR ÚT Í LÍFID**

**Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 08:30 - 16:00, nema föstudaga er opið frá 08:30 - 15:00.**